



Skíðaping 2022

haldið í Reykjavík 18.-19. nóvember

ÞINGSKJAL nr. 3

Tillaga að breytingum á lögum SKÍ

Flutningsaðili: Stjórn SKÍ

Var:

2.grein

2.b.4. Löggilda skíðadómara.

Verður:

2.grein

~~2.b.4. Löggilda skíðadómara.~~

Rökstuðningur:

Á einfaldlega ekki við lengur. Eftirlitsmenn fara í gegnum próf og námskeið hjá FIS og dómara í snjóbrettum í gegnum námskeið hjá SKÍ, en engin löggilding.

Var:

2.grein

2.b.5. Ráðstafa skíðamótum til aðildarfélaga.

Verður:

2.grein

2.b.5. Ráðstafa skíðamótum til aðildarfélaga.

Rökstuðningur:

Orðalagsbreyting. Erum líka með snjóbretti og einfaldara að tala um mót frekar en að fara að telja upp allar greinarnar.

Var:

5.grein

Skíðaping skal halda í október á hverju ári. Boða skal til þess með auglýsingu og/eða tilkynningu með minnst eins mánaðar fyrirvara. Fundarboð skal senda aðildarfélögum SKÍ. Laga- og reglugerðarbreytingar ásamt öðrum málefnum sem taka á fyrir á þinginu skulu berast stjórn SKÍ í síðasta lagi þremur vikum fyrir þingið. Á skíðapingi (árið fyrir kosningar) skal kjósa þriggja manna kjörnefnd sem starfar til loka næsta þings. Tilkynningar um framboð í stjórn skal berast kjörnefnd eigi síðar en þrem vikum fyrir skíðaping. Hafi ekki nægilegur fjöldi gefið kost á sér á þeim tíma, er kjörnefnd heimilt að framlengja framboðsfrestinn enda sé það tryggilega tilkynnt aðildarfélögum. Hafi, þrátt fyrir það, eigi borist næg framboð skal kjörnefnd hlutast til um að afla nauðsynlegs fjölda framboða. Eigi síðar en tveimur vikum fyrir þingið skal senda aðildarfélögum skriflegt fundarboð; síðara fundarboð, með dagskrá og upplýsingum um tillögur, framboð og mál sem leggja á fyrir þingið. Þingið getur þó tekið fyrir mál borin upp með skemmri fyrirvara að fengnu samþykki $\frac{2}{3}$ hluta þingfulltrúa.

Vísað til: Alpagreinanevndar Skíðagöngunefndar Snjóbrettanefnd Allsherjarnefnd

Afgreiðsla:

Samþykkt Felld



Skíðaping 2022

haldið í Reykjavík 18.-19. nóvember

Verður:

5.grein

Skíðaping skal halda **að hausti ár hvert, en þó aldrei síðar en 30.nóvember**. Boða skal til þess með auglýsingu og/eða tilkynningu með minnst eins mánaðar fyrirvara. Fundarboð skal senda aðildarfélögum SKÍ. Laga- og reglugerðarbreytingar ásamt öðrum málefnum sem taka á fyrir á þinginu skulu berast stjórn SKÍ í síðasta lagi þremur vikum fyrir þingið. Á skíðapingi (árið fyrir kosningar) skal kjósa þriggja manna kjörnefnd sem starfar til loka næsta þings. Tilkynningar um framboð í stjórn skal berast kjörnefnd eigi síðar en þrem vikum fyrir skíðaping. Hafi ekki nægilegur fjöldi gefið kost á sér á þeim tíma, er kjörnefnd heimilt að framlengja framboðsfrestinn enda sé það tryggilega tilkynnt aðildarfélögum. Hafi, þrátt fyrir það, eigi borist næg framboð skal kjörnefnd hlutast til um að afla nauðsynlegs fjölda framboða. Eigi síðar en tveimur vikum fyrir þingið skal senda aðildarfélögum skriflegt fundarboð; síðara fundarboð, með dagskrá og upplýsingum um tillögur, framboð og mál sem leggja á fyrir þingið. Þingið getur þó tekið fyrir mál borin upp með skemmri fyrirvara að fengnu samþykki $\frac{2}{3}$ hluta þingfulltrúa.

Rökstuðningur.

Mikið um að vera á haustin og betra að hafa meira svigrúm en minna til að halda gott skíðaping þar sem flestir komast.

Vísað til: Alpagreinanevndar Skíðagöngunefndar Snjóbrettanefnd Allsherjarnefnd

Afgreiðsla: Samþykkt Felld